

Gunnar Jónsson

Subject: FW: Stafræn byggingarleyfi - einn staður fyrir byggingarleyfi
Attachments: Stafræn byggingarleyfi-fylgiskjal með erindi til sveitarfélaga.pdf

From: Stafræn byggingarleyfi - HMS <Stafrænbyggingarleyfi@hms.is>

Sent: Wednesday, September 25, 2024 4:35:38 PM

Subject: Stafræn byggingarleyfi - einn staður fyrir byggingarleyfi

You don't often get email from stafrænbyggingarleyfi@hms.is. [Learn why this is important](#)

Sælir kærur sveitastjórar.

Vorið 2023 hóf Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) vinnu við undirbúning og þróun miðlægs umsóknarviðmóts fyrir byggingarleyfi. Með viðmóttinu er ætlunin að samræma verklag þvert á sveitarfélög, einfalda og flýta skráningu mannvirkja og auka gæði rauntímaupplýsinga um mannvirkjagerð á Íslandi. Þróunin hefur verið unnin í þéttu samstarfi aðila sem koma að ferlinu, þ.m.t. sveitarfélög, byggingarfulltrúaembætti, byggingaraðila og hönnuði.

Þann 2. apríl sl. undirrituðu HMS, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og Stafrænt Ísland sameiginlega yfirlýsingu þar sem þessir aðilar lýstu vilja sínum til að vinna saman að því að samræma verklag í byggingarmálum þvert á sveitarfélög með einu viðmóti fyrir umsókn um byggingarleyfi og afgreiðslu þeirra í stað 64 sem þá voru (63 í dag).

Umsóknarviðmótið, stafrænt byggingarleyfi, mun auðvelda og einfalda gerð vandaðri byggingarleyfisumsókna sem og afgreiðslu og utanumhald starfsfólks sveitarfélaga á byggingarverkefnum. Með viðmóttinu er skerpt á hlutverkum kerfa og afgreiðsla byggingarleyfa færð úr málaskrárkerfum, með tilheyrandi þróunar- og rekstrarkostnaði sveitarfélaga, yfir í kerfi og viðmót sem er sérstaklega hannað fyrir afgreiðslu leyfanna.

Fyrsta útgáfa hins nýja viðmóts stafræns byggingarleyfis verður opnuð með Reykjanesbæ núna á haustdögum 2024. Þann 30. september hefst formlegt samstarf við Reykjavíkurborg um innleiðingu viðmótsins sem áætlað er að verði lokið fyrri part árs 2025. Í kjölfar vinnu með Reykjavíkurborg verður hafist handa við innleiðingu hjá öðrum sveitarfélögum.

Það er okkur hjá HMS mikilvægt að eiga gott samstarf við sveitarfélögin um fyrirhugaða innleiðingu og því sendi ég ykkur þennan upplýsingapóst þannig að þið vitið hvers þið megið vænta á næstu dögum og misserum. Í ljósi þess að innleiðing viðmóts stafræns byggingarleyfis er áætluð á næsta ári bendum við vinsamlega á að mikilvægt er að sveitarfélög geri ráð fyrir kostnaði vegna þessa í fjárhagsáætlun næsta árs.

Rétt er að taka fram að HMS ber allan kostnað vegna þróunar, rekstrar, þjónustu og innleiðingarráðgjafar umsóknarviðmóts stafrænna byggingarleyfa. **Sveitarfélögin bera einungis kostnað af tengingu málaskrárkerfis sveitarfélagsins við vefþjónustu stafrænna byggingarleyfa og kostnaði við aðlögun annarra kerfa ef þörf er á.** Því miður getum við ekki áætlað hver kostnaður hvers sveitarfélags verður vegna þessa, það fer eftir þjónustuaðila og fleiru. Við munum hins vegar veita aðstoð og leiðbeiningar vegna tengingar við viðmótið sem og samskipta vegna umfangs- og verðmats til málaskráraðila eftir því sem óskað er. Það er okkur mikið í mun að vel til takist, bæði hjá okkur og hverju og einu sveitarfélagi.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna í meðfylgjandi skjali. Ef þið hafið einhverjar spurningar til mín hvet ég ykkur til að slá á þráðinn en auk þess er hægt að setja sig í samband við mitt fólk hjá HMS.

Með von um áframhaldandi gott samstarf

Kveðja / Best regards

Hermann Jónasson

Forstjóri

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

HMS



Borgartún 21 | 105 Reykjavík | Sími +354 4406400